

um, eða hvort eigi að pota fótunum í hana eða láta hana laumast yfir höfuðið. Svo tekur það svo langan tíma að komast í hverja spjörina, að það litur út syrir, að þau verði ekki búin að klæða sig fyrr en um það leyti að þau eiga að fara að háttu. En þetta er ekki fallegt. Börn eiga að læra að vera fljót að klæða sig. En þau eiga ekki að klæða sig illa, bara einhvern vegim að komast í fötin, láta sér standa á sama, hvort þau snúa út eða inn, aftur eða fram, sitji vel eða il'a. Þetta er líka ljótt. Börnir eiga að læra að klæða sig bæði fljótt og vel.

Þau börn, sem kera það, læra að gera fleira fljótt og vel. Þau kera að vera við verkið sitt, hugsa um að koma því af, og verða dugleg. En þau komast ekki upp á það að dunda við verkið sitt, hanga yfir því, aldrei ætla að komast að því og verða svo ónýt.

Það eru svo margir, sem dunda við það, sem þeir eiga að gera, alt að einu eins og þeir hafi enga aðra hugmynd um tímann sinn en þá, að þeir eigi að eyða honum. Þeir hringsnúast í kring um verkið sitt, en gera ekki neitt, bara eyða tíma. Þeir eru einlægt að horfa á klukkuna eða spryrja, hvað klukkan sé. Og þeim finst tíminn svo leiðinlega langur.

Þetta eru ónýtír menir.

En því fóru þeir svona með tímann sinn? Á því þeir kerðu ekki meðan þeir voru börn að nota tímann sinn. Vöndust á það þá að dunda og láta sér standa á sama, livað yrði úr tímanum.

Börnin míni! kerið þið nú að vera fljót að klæða ykkur. Dundið ekki. Munið mig um að dunda ekki við neitt, sem þið eigið að gera. Það er svo ljótt óhræsis-dundið. Og það gerir ykkur líka ljót. En ljót megið þið ekki verða, heldur falleg. Og ykkur langar líka sjálf til þess að verða falleg. En það gerir ykkur falleg, að þið kerið að flýta ykkur, og gera það, sem þið eigið að gera, bæði fljótt og vel. Mér þykir líka svo dæmalaust gaman að fallegum börnum.

Eg tala svo ekki meira við ykkur um þetta í þetta sinn. En bæti einhverju við næst.

Gimsteinn.

Þið vitið liklega, börn, að dýrindis steinar eru kallaðir gimsteinar. Þó nóg sé af steinum til á Íslandi, þá er þar engin gimsteina-taka. Við flutnum því enga gimsteina með okkur frá